

Bjargvætturinn Mark Watson

Erindi flutt á Degi íslenska fjárhundsins þann 18. júlí 2016

Hann hét fullu nafni Richard Mark Watson, sonur Joseps Watsons, sem var Manton lávarður. Watson fæddist 18. júlí 1906 og lést í mars 1979. Hann var yngstur fjögurra bræðra. Fjölskylda hans var vellauðug, átti búgarð í Skotlandi, sumarbústað í Austurríki og bjó glæsilega í Lundúnum. Sjálfur var hann í utanríkisþjónustu Bretlands á yngri árum sínum og ferðaðist víða um heiminn. Á tímabilinu 1939-1945 rak hann forngrípaverslun í New York og átti og rak búgarð í Nicasio í Kaliforníu á sjötta áratugnum. Eftir að hann fluttist aftur heim til Bretlands, rak hann m.a. forngrípaverslun í Lundúnum.

Mark Watson var mikill Íslandsvinur og viðurkenndur sem slíkur. Hann var útnefndur heiðursfélagi í Hinu íslenska fornleifafélagi 1938 og var sæmdur stórriddarakrossi íslensku fálkaorðunnar 1965, sem segir meira en mörg orð um viðhorf samtímamanna hans til hans og hverju hann áorkaði á sínum tíma. Hann sýndi Íslendingum höfðingsskap á marga lund, m.a. með því að gefa okkur dýraspítala með öllum búnaði, í Víðidal, hinn fyrsta sinnar tegundar héraendis. Hann gaf Þjóðminjasafni Íslands á annað hundrað vatnslitamynda eftir breskan málarann, W.G. Collingwood, sem ferðaðist um landið í lok 19. aldar og hann arfleiddi Landsbókasafn Íslands að miklu bókasafni en hann hafði safnað bókum um Ísland og Færeyjar og keypt fjölda sjaldgæfra bóka á ferðum sínum um hin ýmsu lönd.

Nú eru 110 ár liðin frá fæðingu þessa velgjörðamanns okkar og sannarlega við hæfi að við minnumst hans með þökkum. Ekki síst við Skagfirðingar. Peningagjöf frá honum til viðgerða á gamla torfbænum í Glaumbæ árið 1938 átti sinn þátt í að sá bær er enn varðveittur, en hann er nú fjölsóttasti torfbær landsins. Í fyrra gengu yfir 41 þúsund manns þar um bæjargöngin. Fullyrða má að framlag hans gaf byr í segl þeirra sem höfðu hug að setja á fót minjasafn og höfðu leitað staðar fyrir safnsýningu sem gæfi hugmynd um líf í torfbæjum fyrr á tíð. Skagfirðingar höfðu lengi rætt það hvar best væri að koma slíkri sýningu fyrir og hugmynd var um að fá að setja hana inn í gamla torfbæinn á Hólum í Hjaltdal, þannig að safnið nyti húsa staðarins og bændaskólinn safnsins. En það varð ekki. Veturinn 1936-7 ræddi Jón Sigurðsson bóndi og alþingismaður á Reynistað það við Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörð, hvort ekki væri unnt að varðveita torfbæinn í Glaumbæ, en hann var eign ríkisins. Matthías

tók erindinu vel og menn vildu afla fjár til viðgerðanna, sem ekki tókst í það skiptið. Peningagjöf Marks Watsons 1938 var því kærkomin og hleypti fjöri í umræður um menningarlegt gildi torfbæjanna og hafði áhrif þótt ekki tækist að gera við bæinn á styrjaldarárunum sem þá fóru í hönd. Viðgerðir í Glaumbæ hófust því ekki fyrr en 1946. Tveimur árum síðar, árið 1948, var Byggðasafn Skagfirðinga stofnað og sýning opnuð í torfbænum í Glaumbæ árið 1952.

Byggðasafn Skagfirðinga hefur semsagt haft bæinn til afnota frá því það var stofnað en bærinn sjálfur tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Byggðasafnið hefur vaxið og dafnað frá því sýning var sett upp í Glaumbæ 1952. Nú er miðstöð safnsins í Minjahúsinu á Sauðárkróki þar sem eru sýningar, geymslur og skrifstofur Fornleifadeildar og Fornverkaskóla og í Vesturfara-setrinu á Hofsósi og Sögusetri íslenska hestins á Hólum í Hjaltadal mynda safnmunir frá Byggðasafni Skagfirðinga megin uppistöður í sýningum setranna.¹

En ekki meira um safnið. Mig langar til að segja ykkur frá því hvernig Mark Watson kynntist torfbænum í Glaumbæ og byggði það á frásögn heiðurskonunnar Önnu Snorradóttur sem fór með hann þangað sumarið 1938 og varð til þess að hann gaf fé til viðgerða á bænum. Bílferð á milli Akureyrar og Sauðárkróks var stórviðburður í lífi ungrar stúlku á þeim tíma og minningin um þá ferð sagði Anna að hefði verið ljóslifandi í minninu allt hennar líf.

Watson kom fyrst hingað til lands sumarið 1937 í fylgd þriggja auðmanna, einn var þýskur, annar austurískur og sá þriðji sænskur. Þeir ætluðu í þriggja vikna ferðalag á hestum um Þingeyjarsýslur. Haukur Snorrason ritstjóri, bróðir Önnu réðist til ferðarinnar sem túlkur og aðstoðarmaður. Anna mundi vel daginn þegar Haukur bróðir hennar kom heim með þennan hávaxna útlending, en Watson var bæði hár og grannur maður. Móðir þeirra bar gestinum kaffi og pönnukökur og hafði hún það eftir Watson að þessi fyrstu kynni hans af íslensku pönnukökunum hefðu haft varanleg áhrif á hann en hann var hrifnæmur maður og það hafði margt áhrif á hann í þessari fyrstu Íslandsferð. Anna sagði að það hefði heldur betur verið sjón að sjá tuttugu trússahestar og fimm vel ríðandi hestamenn leggja af stað upp á Vaðlaheiði daginn sem þeir lögu af stað í ferðalagið.²

¹ Sigríður Sigurðardóttir, 2015. „Byggðasafn Skagfirðinga“ (45-56). *Byggðasöfn á Íslandi*. Útg. Rannsóknasetur í safnafræðum við HÍ. Reykjavík.

² Anna S. Snorradóttir, 2006. *Mark Watson og Glaumbær*. Bls. 9.

Sumarið 1938 kom Watson aftur norður til Akureyrar, þá ásamt sænskum vini sínum, til að ferðast um og fara í nokkurra vikna hestaferð. Þá riðu þeir austur fyrir Vatnajökul, til Hornafjarðar og þaðan að Kirkjubæjarklaustri. Auk þeirrar löngu ferðar var farið í skoðunarferðir frá Akureyri, m.a. í flugferð til Grímseyjar sem var söguleg sökum þess að það mun hafa verið í fyrsta sinn sem flugvél lenti við Grímsey. Flugstjóri í þeirri ferð var Agnar Kofoed-Hansen.

Dag nokkurn í blíðskaparveðri kom Haukur að máli við Önnu og bað hana um að fara til Skagafjarðar með þá félagana og reyna að sýna þeim segja frá því markverðasta á leiðinni. Hún tók það að sér. Upp úr hádegi var lagt af stað frá Akureyri. Þetta var sólbjartur dagur, hlýr og fallegur. Ekki bar neitt sérstakt til tíðinda á leiðinni en staldrað var við á Víðimýri og kirkjan skoðuð. Var Watson yfir sig hrifinn af henni. Um nóttina var gíst á Hótel Tindastóli á Sauðárkróki. Kvöldið var fagurt og erlendu gestirnir nutu þess að ganga austurmeð ströndinni og horfa á Skagafjörðinn baðaðan í kvöldsólinni. Það kvöld lærði Anna nokkur ensk lýsingarorð, sem öll gengu út á að dásama fegurð náttúrunnar. Það kvöld heimsótti hún Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, skólasystur sína úr M.A. Meðal annars til að fá ábendingu hjá heimafólki, hvort einhver staður væri í grenndinni sem gaman væri að sýna þessum erlendu gestum á leið til Akureyrar næsta dag. Faðir Sigurbjargar, Guðmundur Sveinsson, fulltrúi hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, sagði um leið og hann heyrði að Watson hefði áhuga á fornminjum: „Blessuð góða, farðu með hann í Glaumbæ“.³

Að morgni næsta dags var þykkur hafragrautur borinn á borð, í morgunverð, á Hótel Tindastóli. Grauturinn hafði þau áhrif á ferðalangana að leiðsögumaðurinn komst í vandræði þannig að gestunum varð nóg um. Sagði Anna að þau hefðu brosað að minningunni um það síðar, þegar þau rifjuðu upp þær raunir hennar að reyna að klára grautinn. Því þegar mjólkinn á diskni Önnu var búin, allt í kringum grautarfjallið, og hún sat með skelfingarsvip yfir diskni sínum, sagði Mark: „Eat your porridge“, fremur strangur. „Skipaði ég þér að éta grautinn?“ spurði hann svo þegar þau rifjuðu þessa ferð upp, og hló dátt.⁴ Watson vildi flýta sér til Akureyrar og hún hafði ekki sagt honum hvar stoppað yrði á ferðinni til baka. Fyrsti viðkomustaður var Glaumbær. Þegar bílstjórinn sveigði heim afleggjarann spurði Watson fremur pirraður: „hver hefur beðið um að hér sé beygt út af

³ Anna S. Snorradóttir, 2006. *Mark Watson og Glaumbær*. Bls. 13.

⁴ Sama heimild.

veginum“? Og var ekkert sérlega ánægður uppátækið. Kvaðst vilja fara beinustu leið til Akureyrar. Anna segir svo frá: „Við sátum hljóð fáeinar mínútur, en svo var ekið í hlað á Glaumbæ. Þarna stóð þessi merki burstabær, fallegur í sumarsólinni og virðulegur, þrátt fyrir fátæklegt útlit og töliverða hrörnun. En grasið á þökunum var grænt og samhliða stafnar blöstu við augum. Er skemmst frá að segja að þarna urðu kærleikar við fyrstu sýn. Mark Watson hvarf inn í bæinn, kom að vörmu spori aftur út til okkar og sagði óðamála, að við skyldum halda ferðinni áfram til Akureyrar, því að hann ætlaði að dvelja hér það sem eftir væri dags og reyna að fá gistingu næstu nótt. Að svo mæltu hvarf hann aftur inn í bæinn“. Hún og sænski fylgdarmaður hans fóru í langa gönguferð og gáfu honum góðan tíma og þegar þau komu til baka stóð karl á hlaðinu „fáorður en tilbúinn til að halda förinni áfram til Akureyrar“.⁵

Þegar þangað kom var Watson enn að tala um Glaumbæ. Löngu seinna sagði hann Önnu að hann hefði viljað kaupa bæinn en honum var sagt að hann væri ekki falur. Þegar hann kom aftur heim til Bretlands síðsumars, ákvað hann að senda 200 sterlingspund til Íslands, svo að hefja mætti viðgerðir á Glaumbæ. Þetta var talsvert fé árið 1938 og engum vafa undirorpið að gjöfin skipti máli um örlög bæjarins. Hann ætlaði að koma sumarið eftir og fylgjast með framkvæmdum en þá voru styrjaldarblikur á lofti og ekkert varð úr þeirri ferð. Viðgerðir á bænum hófust ekki sem fyrr segir fyrr en eftir stríð, 1946. Það gladdi hann að sjá hvernig mál þróuðust í Glaumbæ og hann kom þar nokkrum sinnum eftir að sýning var opnuð í bænum.

Mark Watson var smekkvís á öllum sviðum, víðlesinn, hámenntaður og sérvitur. Eitt af því sem einkenndi hann öðru fremur var nákvæmni og stundvísi. Ýmsir sem ekki þekktu hann lentu stundum í vandræðum vegna þess. „Hjá honum var klukkan tvö, nákvæmlega sá tími en hvorki fimm né fleiri mínútum meira eða minna. Ýmsum þótti þetta ganga full langt, en þannig var maðurinn, og miðnætursól vildi hann sjá klukkan tólf á miðnætti en alls ekki tíu eða tuttugu mínútum fyrr!“⁶ Eftir margar ferðir um Ísland langaði hann mest að upplifa stórhrið og gerði víst nokkrar tilraun til þess, en það var segin saga, að sólin skein ævinlega þegar hann kom. „Ég fæ alltaf gott veður, þegar ég kem til Íslands, sama hvaða árstími er“, sagði hann eitt sinn, er hann var hér að

⁵ Anna S. Snorradóttir, 2006. *Mark Watson og Glaumbær*. Bls. 14.

⁶ Anna S. Snorradóttir, 2006. *Mark Watson og Glaumbær*. Bls. 7.

vetrarlagi, og bætti við: „Eins og mig hefir lengi langað til að upplifa íslenska stórhrið“ (tilvísun lýkur).

Og honum var mikið í mun að sem flestir kynntust landinu. Anna sagði frá því að eitt sinn kom hann til landsins með háaldraðan vin sinn frá Bretlandi.

(bein tilvísun) Daginn eftir komuna ók hann með gamla manninn í leigubíl austur að Skógafossi og sendi síðan gest sinn heim til Englands með næstu flugvél. Þegar við höfðum orð á því að dvölin hefði verið í styttra lagi hjá blessuðum gamla mannum svaraði Mark: „Ég gat ekki hugsað mér að hann dæi án þess að sjá Skógafoss.“⁷

Watson var mikill hundavinur og á ferðum sínum um landið 1937 og 1938 hafi hann séð nokkuð af íslenskum fjárhundum í sveitum landsins sem honum fannst að væru svo til horfnir 1950, nema á afskekktum stöðum. Hann ákvað því að flytja út nokkra hunda og tíkur til búgarðs síns í Kaliforníu og freista þess að rækta þá þar. Hann hélt þar bæði íslenska hunda og hesta. Hundarnir voru ættaðir austan af Breiðdal og Jökuldal. Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, aðstoðaði hann við útflutninginn. Einhverjir hundanna fengu hundapest og drápust en þeir sem af lifðu eignuðust afkvæmi og þegar hann fluttist aftur til Englands tók hann hundana með sér og lét halda áfram að rækta þá.

Spennandi er að vita hve gömul elstu íslandshundabeinin eru sem fundist hafa í fornleifauppgröftum. Víst er að menn komu með allskonar hundakyn með sér til landsins bæði á landnámstíma, á miðöldum og seinna, svo sem úlfhundabeinin (Grayhound) sem fundust í kumli frá 10. öld í Keldudal í Hegranesi vitna um og Terrier-smáhundabeinin sem fundust við uppgröft í Kolkuósi.

Hér með lýkur þessari stuttu greinargerð um bjargvættinn Mark Watson og höfundur þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að minnst framlags hans til verndar stórmerkilegra minja, eins og gamla torfbæjarins í Glaumbæ sem er einstakur á heimsvísu. Eins og íslenski fjárhundurinn.

⁷ Anna S. Snorradóttir, 2006. *Mark Watson og Glaumbær*. Bls. 8.